

Nd.

247. Frumvarp til laga

[138. mál]

um breyting á lögum nr. 97 27. desember 1973, sbr. breyting á þeim lögum nr. 98 31. desember 1974, um löndun á loðnu til bræðslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

1. gr.

Við fyrri málsgrein 2. greinar bætist:

Nefndinni er heimilt að stöðva löndun um takmarkaðan tíma á ákveðnum svæðum eða í einstakar verksmiðjur, án tillits til móttökugetu þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Breyting sú, sem lagt er til að gerð verði á lögnum, felst í eftirfarandi viðbót við fyrri mgr 2. gr. laganna. „Nefndinni er heimilt að stöðva löndun um takmarkaðan tíma á ákveðnum svæðum eða í einstakar verksmiðjur án tillits til móttökugetu þeirra“. Frá því að lög um löndun loðnu tóku fyrst gildi í byrjun árs 1973 hefur heimild loðnunefndar til þess að stöðva löndun í einstakar verksmiðjur nánast takmarkast við það að tilkynna flotanum hvenær móttökugeta einstakra verksmiðja væri þrotin og hvenær móttaka gæti hafist aftur. Með þessari breytingu á lögnum er loðnunefnd gefin heimild til þess að stöðva löndun í verksmiðjur, sem næstar eru veiðisvæðum hverju sinni, enda þótt þróarrými sé fyrir hendi hjá þeim, en láta veiðiskipin þess í stað flytja loðnu til annarra verksmiðja, sem annars væru verkefnalausar. Tilgangurinn með þessari breytingu er sá, að stuðla að því að vinnslugeta verksmiðjanna í landinu verði nýtt betur en verið hefur undanfarin ár og auka þannig aflamöguleika loðnuflotans í heild yfir vertíðina, en reynsla undanfarinna ára sýnir að þær verksmiðjur, sem næstar eru veiðisvæðum hverju sinni yfirfyllast, meðan aðrar verksmiðjur bíða verkefnalausar.